

## GJALDSKRÁ

### fráveitu Hafnarfjarðarkaupstaðar.

*Fráveituheimæðargjald\*, tengigjald við fráveitu í götu. Gjald fyrir árið 2013.*

	Þvermál lagnar DN	Heimæð** 0-10 m, kr.	Verð á m umfram 10 m**, kr.
Nýbyggingavæði	150 mm	241.911	26.879
Nýbyggingavæði	200 mm	281.502	31.278
Nýbyggingavæði	250 mm	323.893	35.988
Gróið svæði	150 mm	324.000	36.000
Gróið svæði	200 mm	370.600	41.178
Gróið svæði	250 mm	417.200	46.356
Regnvatnslögn eingöngu		288.000	32.000

Gjaldskrá þessi er uppfærð í janúar ár hvert m.v. hækkun byggingarvísitölu.

\* Miðast við þvermál lagnar og lögn frá lóðamörkum að stofnræsi sbr. 13. gr. laga nr. 9/2009.

\*\* Innifalið er skólplögn og regnvatnslögn, efni og vinna.

Þegar leggja á skólplögn skal alltaf leggja regnvatnslögn með.

Fráveitugjald er lagt á fasteignir samanber 14. gr. laga nr. 9/2009 og nemur 0,195 % af heildarfasteignamati. Gjald dagar fráveitugjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts.

Tengigjald er greitt fyrirfram.

Ef gera þarf sérstakar ráðstafanir vegna hæðar eða legu mannvirkis, svo og ef húsbyggjandi velur að óska eftir fleiri tengingum fellur tilfallandi viðbótarkostnaður vegna þessa á viðkomandi fasteign.

Ef viðkomandi lóðarhafi nýtir sér ekki þegar gerðar tengingar er heimilt að krefja hann um gjald fyrir aftengingu ónýtttra lagna sem nemur kostnaði við þá framkvæmd.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, sbr. samþykkt um fráveitu í Hafnarfirði, nr. 199/2009, er samþykkt í umhverfis- og framkvæmdaráði 28. nóvember 2012 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 5. desember 2012. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1273/2011. Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2013.

*Hafnarfirði, 5. desember 2012.*

**Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir** bæjarstjóri.